



Brunaáætlun

Unnið og endurgert veturinn 2020-2021

Anney Ágústsdóttir leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Rýmingaráætlun um björgun úr bruna:.....	3
Raunveruleg hættu:	4
Gátlisti vegna rýmingaráætlunar:	5
Atriðið sem starfsmenn þurfa alltaf að hafa í huga.....	5
Upplýsingar um slökkvibúnað:.....	6
Fyrstu viðbrögð við eldsvoða:.....	7
Brunavarnir:.....	8
Til minnis fyrir stjórnendur :.....	9

Rýmingaráætlun um björgun úr bruna:

Allir starfsmenn kynni sér reglur um fyrstu viðbrögð við eldsvoða og afli sér upplýsinga um slökkvibúnað, staðsetningu hans og notkun.

Þegar brunabjalla fer í gang skal rýmingaráætlun þegar verða virk.

Starfsmenn skulu safna börnunum í röð við neyðarútgang.

Einn starfsmaður af hverri deild athugar hvort að um raunverulega hættu sé að ræða.

Ef svo er ekki er hættuástandi aflýst.

Neyðarútgangar eru þær hurðar sem eru með grænu ljósi fyrir ofan. Ljósið á alltaf að loga.

Ef hægt er að koma því við er besti neyðarútgangur fyrir hverja deild af deildinni sjálfri og beint út í garð eða á palla fyrir framan hverja deild.

Raunveruleg hættu:

Deildarstjóri/staðgengill hans ber ábyrgð á verkskiptingu við rýmingu. Hann fullvissar sig um að ekkert barn sé eftir inni. Lokar gluggum og hurðum og hefur lokayfirsýn yfir deildina og fer út eftir síðasta barni.

Einn starfsmaður fær það hlutverk að sækja ípad / síma / mætingalista og staðsetur sig svo við neyðarútgang eða þar sem útgönguleið er greið. Hann heldur utan um og telur barnahópinn þar sem börnunum er safnað saman.

Aðrir starfsmennirnir safna börnunum saman að neyðarútgangi. Starfsmennirnir fara út með börnunum og koma þeim í öruggt skjól. Telja börn – bera saman við mætingalista.

Lindir safnast saman við stóru rólurnar. Lækur gæti þurft að fara á lóðina hjá Eiríki nágretta.

Hamrar safnast saman í brekkunni og samverulautinni í hinum enda garðsins. Klettur gæti þurft að fara á túnið fyrir aftan strætó skýlið.

Ef hópur er í salnum þá er farið út á svalir við salinn og ákvörðun tekin um hvert skal fara með tilliti til hættu og áætlaðs áningastaðar.

Leikskólastjóri / staðgengill ber ábyrgð á að hringja í 112.

Gátlisti vegna rýmingaráætlunar:

Atriðið sem starfsmenn þurfa alltaf að hafa í huga.

- ✓ Starfsmenn haldi ró sinni allan tímann.
- ✓ Skrá börnin inn og út á hverjum degi alltaf þegar þau koma/fara
- ✓ Neyðarútgangur eru þær hurðar sem eru með grænu ljósi fyrir ofan. Það eru neyðarútgönguleiðir út úr öllum rýmum í Akraseli. Hurðir og glugga hlerar.
- ✓ Neyðarútgangur þarf alltaf að vera aðgengilegur og ekkert má standa í vegi fyrir honum.
- ✓ Lesa yfir allar upplýsingar um brunavarnir og rýmingaráætlun á fyrsta starfsmannafundi að hausti og í janúar.
- ✓ Deildarstjórar bera ábyrgð á að upplýsa deildarstarfsmenn.
- ✓ Fara yfir með börnunum hvernig bregðast á við brunaboði a.m.k tvisvar á ári á Hömrum – æfa rýmingu.
- ✓ Reyna að æfa með Lindum hvernig bregðast skuli við brunaboði, brýna fyrir börnum að fela sig ekki þegar boðinn fer í gang.
- ✓ Mikilvægt er að sem flestir kunni á brunaboðunar kerfið.

Engan hetjuskap við látum slökkviliðið um björgun.

Upplýsingar um slökkvibúnað:

Mikilvægt er að starfsfólk kynni sér staðsetningu og notkun eldvarnarbúnaðar í húsinu. Leikskólastjóri og deildarstjórar eru ábyrgir fyrir því að kynna búnaðinn fyrir nýju starfsfólki.

Eldvarnarbúnaður: Eldvararteppi, kolsýrutæki, léttvatn, brunaslanga og viðvörunarbúnaður.

1. Eldvarnarteppi: Eingöngu notað í eldhúsi ef eldur brýst út í pottum. Eitt eldvarnarteppi er til í leikskólanum, staðsett í eldhúsi á vegg á móti bakaraofni.
2. Kolsýrutæki: Má nota við stærri eld, t.d. gegn vökva og rafmagnstækjum. Eitt kolsýrutæki er í leikskólanum staðsett í eldhúsi við inngang.
3. Léttvatn: Notist á minni, opinn eld. Má nota á rafmagnstæki upp að 1000 voltum. Fjögur léttvatnstæki eru í leikskólanum sitt í hvorum enda hússins, við útganga á útisvæði, við innganginn í eldhúsi og í starfmannainngangi.
4. Brunaslöngur: Notist við stóra elda, það eru þrjár brunaslöngur í húsinu, ein á ganginum á Lindum, ein á ganginum á Hömrum og ein í miðgangi við hliðina á eldhúshurðinni.
5. Viðvörunarbúnaður: Það eru þrjú samtengd stjórnborð, eitt starfsmannainngangi, eitt í fataherbergi / inngangi Hamra og eitt í fataherbergi / inngangi Linda.

Ef eldur er laus skal umsvifalaust hringja í 112

Fyrstu viðbrögð við eldsvoða:

Ef eldvarnarkerfið fer í gang eða reykskynjarar gefa frá sér hljóð:

1. Leikskólastjóri/staðgengill/ deildastjóri-ar hans kannar hvaðan boð komu. Kanna aðstæður:

Er eldur - Hvar er eldur

Leikskólastjóri/staðgengill koma rýmingu af stað. **Hringir í 112** og gefur eins góða lýsingu á stöðunni og unnt er. **Leikskólinn Akraseli Ketilsflöt 2.** Tekur á móti slökkviliði og upplýsir þá sem eru fyrstir á staðinn.

2. Deildarstjóri/staðgengill hans stjórnar verkskiptingu á sinni deild. Koma börnum út samkvæmt plani hverrar deildar. Fara í gegnum mætingarlista, eru örugglega allir komnir út.
3. Miðrymi – utandeilda taka rafmagnstæki úr sambandi ef unnt er.

Velja styðstu og öruggustu leið út.

Aðstoða með yngstu börn á útisvæði og aðra ef með þarf.

Loka öllum hurðum (til að hefta útbreiðslu eldsins) **Ekki opna heita hurð**

Rýma leikskólann. Sá sem er síðastur út, leikskólastjóri og deildarstjórar eða staðgenglar, skulu vera búnir að ganga úr skugga um að allir séu komnir út áður en þeir yfirgefa leikskólann.

Hver deild velur útgönguleið sem er næst hverju sinni.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á Hömrum og aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð Lindum, eldhús ber ábyrgð á miðrymi. Ef eldur kemur upp þá á að yfirgefa leikskólann **strax**.

Brunavarnir:

- ✓ Starfsmaður kynnir sér reglur um fyrstu viðbrögð við eldsvoða og aflar sér upplýsinga um slökkvibúnað, staðsetningu og notkun.
- ✓ Það er á ábyrgð hvers starfsmanns að standa skil á kunnáttu sinni.
- ✓ Við reynum ekki að slökkva eld, heldur komum öllum út úr húsi og látum slökkviliðið um að slökkva eldinn.
- ✓ Ef hurð er lokuð þar sem grunur er um eld, skal þreifa á hurð áður en hún er opnuð. Það á aldrei að opna hurð sem er heit.
- ✓ Ef hurð ekki heit er óhætt að opna, en ef svartur reykur er inni á að loka strax.
- ✓ Það á aldrei að fara inn í herbergi fullt af reyk.

Til minnis fyrir stjórnendur :

- ✓ Fara yfir brunaáætlun með starfsmönnum á fyrsta fundi að hausti og á skipulagsdegi í janúar.
- ✓ Fara yfir brúnabúnað og kynna fyrir starfsmönnum.
- ✓ Deildastjórar rifja upp með starfsmönnum og hafa æfingar með börnum einu sinni til tvisvar á ári.
- ✓ Vera í samstarfi við securitas vegna brunaboðunar á æfingum.

Þetta plagg er í stöðugri endurskoðun, allar ábendingar frá starfsmönnum eru vel þegnar.